



Reykjanesskóli



Vorhátíð í Reykjanesi á fjórða áratug síðustu aldar.

Bygging Reykjanesskóla

Aðalsteinn Eiríksson réð miklu um fyrstu byggingu skólans sem var teiknuð af Þóri Baldvínssyni arkitekt og byggð 1934. Þar var heimavíst og kennslustofa auk íbúða skólastjóra og kennara. Síðar var barnaskólinn í þessu húsi. Í Reykjanesi var í fyrstu heimavíst og sundskáli í timburhúsi með burstum sem Ísafjarðarbær lét byggja um 1930 sem gístiskála fyrir nemendur á sundnámskeiðum en húsið brann 26. mars 1941. Sumarið 1941 var svo byggt nýtt heimavistarhús, Ásgarður, ofan á hverasvæðinu og var gólfhiti í því. Mötuneyti var í miðjum Ásgarði og var það kallað Miðgarður. Herbergin voru látin heita goðafræðinöfnum eins og Nóatún og Glæsivellir. Húsið var forskalað timburhús en timbrið skemmdist út af jarðhitnum. Á fyrri hluta sjöunda áratugsins settu stjórnvöld fjármagn í stórfellda uppbyggingu heimavistarhúsa héraðsskóla í landinu. Þá var Ásgarður rifinn og nýtt og mun stærra hús reis á sama stað á árunum 1962-1965. Byggt var við það hús 1973 og stór álma með kennslustofum tekin í notkun. Á níunda áratugnum fór nemendum fækkandi og var ákveðið árið 1991 að leggja héraðsskólann niður. Barnaskólinn í Reykjanesi starfaði hins vegar áfram til ársins 1996.



Til vinstri er heimavistin sem byggð var 1941. Hægra megin er skólahúsið sem var byggt í áföngum, miðhlutinn 1934.

Barnaskólinn í Reykjanesi var stofnaður 1934 og héraðsskólinn 1937. Aðalsteinn Eiríksson var fyrsti skólastjórinn og hafði hann forgöngu um að tengja námið í skólanum daglegu lífi í héraðinu. Fræðslusjóðir lögðu grunn að stofnun heimavistarskóla og stofnaði Jón H. Fjalldal á Melgraseyri fræðslusjóð fyrir Ísafjarðardjúp 1932. Ísafjarðarbær keypti Reykjanesið 1930 fyrir sundkennslu en Reykjarfjarðarhreppur og Nauteyrarhreppur höfðu forgöngu um stofnun skólans í Reykjanesi. Þá var samlagður fjöldi íbúa í þessum hreppum ríflega 300 manns. Forgöngumenn skólamála við Ísafjarðardjúp réðu Aðalstein skólastjóra í Reykjanesi og flutti hann vestur með fjölskyldu sína 1934. Auk Aðalsteins sáu um kennslu fyrstu árin kona hans Bjarnveig Ingimundardóttir, Eiríkur Stefánsson og Ólafur S. Ólafsson.



Gamla skólahúsið sem var byggt sem sundskáli 1931.

Skólastjórnendur Reykjanesi

Aðalsteinn Eiríksson, 1934-1944
Þóroddur Guðmundsson frá Sandi, 1944-1948
Aðalsteinn Eiríksson, 1948-1949
Ólafur S. Ólafsson, 1949-1950
Kjartan Hjálmarsson, 1951-1952
Páll Aðalsteinsson, 1952-1966
Kristmundur Hannesson, 1966-1982
Skarphéðinn Ólafsson, 1982-1989
Þorkell Ingimarsson, 1989-1996